

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 5. september 2017.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.10 og lauk kl. 18.15.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson, Þórunn Ansnes, Ingvar Kristinsson og Jóhann Óskar Borgþórsson. Forföll: Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson og Sveinn Sigurbergsson.

Dagskrá:

1. Fundir ÍBH september 2017 – júní 2018

Ákveðið að hafa stjórnarfundir ÍBH eftirtalda daga: Þriðjudaginn 5. september kl. 17.00, þriðjudaginn 3. október kl. 17.00, þriðjudaginn 7. nóvember kl. 17.00, föstudaginn 1. desember kl. 17.00 og jólamatur síðar um kvöldið, þriðjudaginn 9. janúar kl. 17.00, þriðjudaginn 6. febrúar kl. 17.00, þriðjudaginn 6. mars kl. 17.00, þriðjudaginn 10. apríl kl. 17.00 og þriðjudaginn 8. maí kl. 17.00.

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn föstudaginn 17. nóvember kl. 15.30 í Laugardalshöll Reykjavík.

Haust fulltrúaráðsfundur ÍBH verður haldinn laugardaginn 25. nóvember kl. 9.00-13.30. Vor fulltrúaráðsfundur ÍBH verður ákveðinn í desember.

2. Frístundastyrkir fyrir 6-18 ára frá Hafnarfjarðarbæ

Starfsmenn og sjálfboðaliðar sem starfa við Norakerfið og frístundastyrkina í íþróttafélögum hafa kvartað yfir því að ekki sé hægt að skipta frístundastyrknum kr. 3000 á mánuði á barn í tvær eða fleiri greinar eins og bæjarráð hafði samþykkt og íþróttafélögin höfðu fengið upplýsingar um frá Hafnarfjarðarbæ. Að sögn íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar vinnur tölvudeild Hafnarfjarðarbæjar að breytingu kerfisins og að sögn tölvudeildar Hafnarfjarðarbæjar er breytingin í vinnslu. Starfsmönnum og sjálfboðaliðum sem starfa við Norakerfið í íþróttafélögunum þykir 10 mánaða vinnslutími vera of langur tími og að það vanti allar upplýsingar um þessar breytingar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Umræður Hafnarfjarðarbæjar að notkun fleiri aðila að frístundastyrkjum kynntar og ræddar.

Fundurinn samþykkti að bóka eftirfarandi varðandi frístundastyrki Hafnarfjarðarbæjar: Stjórn ÍBH lýsir yfir vonbrigðum með þær breytingar sem urðu á frístundakerfi Hafnarfjarðarbæjar á haustmánuðum 2016, þegar tveimur niðurgreiðslum á barn á mánuði var breytt í eina niðurgreiðslu á barn á mánuði. Stjórn ÍBH hvetur Hafnarfjarðarbæ til að breyta frístundakerfi Hafnarfjarðarbæjar aftur í tvær niðurgreiðslur á barn á mánuði, tvisvar sinnum þrjúþúsund krónur á barn á mánuði í ljósi umræðna Hafnarfjarðarbæjar um notkun fleiri aðila að frístundakerfi bæjarins og samkvæmt upplýsingum starfsmanna / sjálfboðaliða íþróttafélaga sem starfa við Norakerfið inni íþróttafélögunum.

3. Samningur til styrktar íþróttastarfinu 18 ára og yngri milli ÍBH, Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto

Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar samþykkti samninginn aftur á fundi 30. ágúst sl. og vísar honum til fræðsluráðs til samþykktar.

4. Frístundaakstur haust 2017 – kynning

Farið yfir kynningu Hafnarfjarðarbæjar á frístundaakstri 6 og 7 ára barna frá frístundaheimilum við grunnskóla á knattspyrnuæfingar á Ásvelli, knattspyrnuæfingar í Kaplakrika, fimleikaæfingar í Íþróttamiðstöðina Björk og danskennslu í Íþróttamiðstöðina Björk. Ekki búið að ákveða hvort um tvo eða þrjá bíla sé að ræða. Bílarnir aka af stað kl. 14.15 og koma á síðasta staðinn kl. 14.55. Íþróttæfingar eru frá kl. 15.00 til kl. 16.00. Foreldrar sækja börnin kl. 16.00 á íþróttæfinguna. Aksturinn er foreldrum að kostnaðarlausu.

5. Kynning á íþróttastarfi í Hafnarfirði

Fundarmenn ræddu ýmsar hugmyndir og verður vinnunni haldið áfram á næsta stjórnarfundum í október nk.

6. Sýnum karakter vinnufundur

Vinnufundur þriðjudaginn 12. september nk. í Íþróttamiðstöðinni Laugardal hjá ÍSÍ frá kl. 10.00 til kl. 12.30 kynntur.

7. Aðildarumsókn íþróttabandalaga að UMFÍ

ÍBR, ÍA og ÍBH eru búin að endurnýja aðildarumsóknir sínar. ÍBA og ÍS ætluðu að sækja um. ÍBV hefur ekki svarað. ÍRB sótti ekki um.

8. Önnur mál

a). IK ræddi um Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Vinna hefur staðið yfir á endurbótum kerfisins, er hún búin að taka langann tíma og hefur reynt mikið á alla sem starfa í íþróttafélögum og íþróttasamtökum. Eins og staðan er í dag er kerfið að gefa rangar tölur þegar íþróttafélög taka upplýsingar úr kerfinu og er það óviðundandi staða fyrir alla sem starfa að íþróttamálum.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.